

Stofnanasamningur

Sjálfsbjargar Akureyri við

Félag sjúkráðjálfa og Iðjuþjálfafélag Íslands

Samningur þessi gildir frá 16. desember 2025

1. gr.

Samningur þessi er gerður við Félag sjúkráðjálfa og Iðjuþjálfafélag Íslands fyrir hönd sjúkráðjálfa og iðjuþjálfra sem starfa við Endurhæfingarstöð Sjálfsbjargar Akureyri að Bjargi, Bugðusíðu 1 og eru félagsmenn í Félagi sjúkráðjálfa eða Iðjuþjálfafélagi Íslands. Hvað sjúkráðjálfa varðar er samningurinn sjálfstæður viðbótarsamningur við kjarasamning fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Félags sjúkráðjálfa hins vegar frá 01.10.2024 og kjarasamning Félags sjúkráðjálfa og Sjálfsbjargar Akureyri frá 25.02.2016. Hvað iðjuþjálfra varðar er samningurinn sjálfstæður viðbótarsamningur við kjarasamning fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Iðjuþjálfafélag Íslands hins vegar frá 19.12.2024. Þau réttindi sem sjúkráðjálfurum eru tryggð með kjarasamningi frá 25.02.2016 skulu einnig eiga við um iðjuþjálfra sem starfa hjá Sjálfsbjörg Akureyri. Við undirritun þessa samnings falla allir eldri samningar úr gildi, aðrir en þeir sem hér eru nefndir.

2. gr.

Sjálfsbjörg Akureyri er stytting fyrir fullt heiti félagsins, Sjálfsbjörg félag fatlaðra á Akureyri og nágrenni sem er í þessum samningi nefndur vinnuveitandi. Endurhæfingarstöðin gengur undir nafninu Bjarg endurhæfing. Samningar ríkisins við Félag sjúkráðjálfa og Iðjuþjálfafélags Íslands eru nefndir aðalkjarasamningar, kjarasamningur á milli Sjálfsbjargar Akureyri og Félag sjúkráðjálfa frá 2016 er nefndur kjarasamningur, samningur sá er hér um ræðir er nefndur stofnanasamningur.

3. gr.

Meginmarkmið stofnunarinnar þessa skal vera eins og segir í 11. kafla aðalkjarasamnings grein 2.1: Að styrkja starfsemi stofnunarinnar þegar til lengri tíma er litið. Að færa ákvörðun um launasetningu starfa nær starfsvettvangi. Að auka gæði þjónustunnar með því að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda á vinnustað. Að skapa forsendur fyrir betri starfskilyrðum starfsmanna. Samstarfinu er ætlað að bæta rekstrarskipulag stofnunarinnar, bæta nýtingu rekstrarfjármagns og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og skilvirkara launakerfi. Aðilar eru sammála um að í samningi þessum verði aðallega stuðst við tvo megin þætti við mat á röðun í launaflokka þ.e. lið 11. 3.2 þar sem fjallað er um hæfni og reynslu.

4. gr.

4.1 Framkvæmd röðunar og mats

Röðun miðast við að um viðvarandi/stöðugt verkswið sé að ræða og skulu skilgreiningar Hagstofunnar (nú ISTARF95, 2. útgáfa) hafðar til hliðsjónar. Þá skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og ábyrgð (svo sem stjórnun) sem í starfinu felast auk þeirrar færni (menntun/kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi.

4.2 Starfaflokkun og röðun, sbr. fylgiskjal 1

Starfaflokkur	Launaflokkur
Sjúkraþjálfari og iðjuþjálfari A	15-1
Sjúkraþjálfari og iðjuþjálfari B	16-1
Sjúkraþjálfari og iðjuþjálfari C	17-1

Það er sameiginleg ákvörðun sjúkraþjálfara og iðjuþjálfara á Bjargi endurhæfingu að gera ekki greinamun á grunnnámi stéttanna, hvort sem um er að ræða 4 ára BS eða 5 ára MS grunnnám.

4.3 Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti

4.3.1 Viðbótarnám og námskeið sem nýtist í starfi.

- Námskeið og fagráðstefnur (150 kennslustundir) 1 þrep
- Námskeið og fagráðstefnur (300 kennslustundir) 2 þrep
- Diplómanám (60 ECTS einingar) 2 þrep
- Meistarapróf (120 ECTS einingar) 4 þrep
- Doktorspróf eða sambærilegt 6 þrep
- Stytttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.

Hækkanir vegna viðbótarmentunar ber að meta sem svo að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar.

Fyrir þennan lið er mest hægt að fá 6 þrep.

4.3.2 Fagreynsla

Fagreynsla sjúkraþjálfara og iðjuþjálfara er metin með eftirfarandi hætti

Eftir 8 ár í starfi 1 þrep til viðbótar.

Eftir 12 ár í starfi 1 þrep til viðbótar.

4.4 Tímabundnir þættir

Fyrir tímabundna þætti fæst greitt aukið álag tímabundið. Dæmi um tímabundna þætti eru t.d. umsjón með klínískri kennslu nema, skipulagning nýrra hópa og önnur tilfallandi tímabundin verkefni.

5. gr.

Vinnutími sjúkra- og iðjuþjálfar er 7 klukkustunda virkur vinnutími á dag í 100% starfi. Virkar vinnustundir á viku eru því 35. Vinna skal að jafnaði fara fram milli 7:30 og 16:00 á virkum dögum. Í hlutastarfi getur vinnutími verið breytilegur. Vinnuskylda í 100% starfi eru því 151,69 klukkustundir að meðaltali á mánuði. Matartími sem er á foræði starfsmanna er 30 mín miðað við 100% starf, og lengir því daglega viðveru á vinnustað. matartíma skal nýta fyrir klukkan 13:30 dag hvern. Í hlutastarfi reiknast vinnuskylda og matartími hlutfallslega miðað við starfshlutfall.

Sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfar í fullu starfi, með meira en eins árs starfsreynslu skulu skila að jafnaði 1298 einingum á dag miðað við núgildandi samning við Sjúkratryggingar, aðrir hlutfallslega. Starfsmenn bera ábyrgð á því að þessum einingafjölda sé skilað.

Vinnutími getur verið sveigjanlegur, í samráði við framkvæmdastjóra, en í hverjum mánuði skal að lágmarki skila þeim fjölda vinnustunda sem samið hefur verið um.

6. gr.

Akstur á eigin bifreið innanbæjar, vegna heimaþjálfunar og annarra ferða út af vinnustað vegna vinnu, skal greiða 700 krónur fyrir hverja ferð (legg). Þessi upphæð hækkar samkvæmt vísitölu neysluverðs um hver áramót.

7. gr.

Réttur sjúkraþjálfara og iðjuþjálfar til að stunda nám, fara á ráðstefnur eða sækja framhalds- og/eða endurmenntunarnámskeið fer skv. 10. kafla aðalkjarasamning. Allir sjúkraþjálfarar hafa rétt á að sækja Dag sjúkraþjálfunar og iðjuþjálfar hafa rétt á að sækja fræðsludag á vegum Félags iðjuþjálfarar.

8. gr.

Sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfar fá endurgreiddan kostnað vegna vinnufatnaðar gegn framvísun reiknings sem nemur 55.000 kr. á ári miðað við fullt starf. Upphæðin flyst ekki milli ára. Þessi upphæð hækkar samkvæmt vísitölu neysluverðs um hver áramót. Að auka skaffar vinnuveitandi starfsfólki eina merкта flík á 3. ára fresti.

9. gr.

Starfsfólk á rétt á endurgreiðslu kostnaðar, gegn framvísun reiknings, vegna heilsueflingar að hámarki 40.000 krónur á ári miðað við fullt starf, aðrir hlutfallslega. Þessi upphæð hækkar samkvæmt vísitölu neysluverðs um hver áramót.

10. gr.

Vinna vegna undirbúnings og skýrslugerðar skal fara fram innan dagvinnutíma og leyfilegt er að bóka á sig tíma vegna pappírsvinnu eftir þörfum. Á vinnustaðnum eru 2 starfsdagar á ári til að vinna innanhúsmál og skipuleggja starfið.

11. gr.

Sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfar hafa hvorki vinnuskyldu á Þorláksmessu, aðfangadag né gamlársgang. Starfsfólk er á launum þessa daga.

12. gr.

Sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfar afsala sér greiðslu á fæðispeningum, gegn því að stöðin sé lokað milli jóla og nýárs. Starfsfólk er á launum þessa daga.

13. gr.

Starfsmönnum í 100% starfi er heimilt að vinna yfirvinnu ef biðlisti og afköst í hefðbundnum vinnutíma eru viðunandi að jafnaði. Þessi yfirvinna er heimil upp að 40 stunda vinnuviku þetta þýðir að hámarki sé unnin tvær og hálf klukkustund í yfirvinnu á viku og greiðist þá yfirvinna 1 fyrir þá vinnu. Þeir sem eru í hlutastarfi fá greidd dagvinnulaun fyrir þá aukavinnu sem þeir vinna, nema að vinnan verði meiri en sem nemur 100% starfi.

14. gr.

Ef afköst í venjulegum vinnutíma eru að jafnaði viðunandi er Sjúkraþjálfurum og iðjuþjálfum í 90-100% starfa á Bjargi heimilt að sinna meðferðum ambulanta virka daga. Hámarksfjöldi meðferða sem unnin er með þessum hætti samsvarar að hámarki einni meðferð á dag. Vinnufyrirkomulagið skal unnið í samráði við framkvæmdarstjóra. Hann metur þörfina með tilliti til stöðu biðlista og einingastöðu hjá SÍ. Vinna þessi er verktakavinna og færast sem slík í bókhald vinnuveitanda og er talin fram til skatts á verktakamiðum. Sjúkraþjálfarar greiða vinnuveitanda 15% af tekjum vegna ambulanta.

15. gr.

Sumarlokun varir í 2–3 vikur að sumri og stefnt skal að sátt milli starfsfólks og framkvæmdastjóra hvenær sú lokun verður. Könnun fer fram meðal starfsfólks hvenær það óskar eftir að lokun sé. Þeirri könnun skal lokið fyrir 1. Apríl. Starfsmenn skulu vera búnir að tilkynna óskir um hvenær sumarorlof verði tekið fyrir lok apríl.

Heimilt er að nýta allar 6 vikur orlofs á sumarorlofstíma en að lágmarki 3 vikur. Réttur til að flytja orlofsdaga milli ára fer eftir ákvæðum í aðalkjarasamningi.

16. gr

Vinnuveitandi greiðir í starfsmannasjóð, að hámarki 160.000 krónur á ári. Ætlast er til að sjóðurinn sé nýttur í hópefli fyrir starfsmannahópin. Heimilt er að flytja óráðstafað fé milli ára einu sinni. Þessi upphæð hækkar samkvæmt vísitölu neysluverðs um hver áramót.

Akureyri 17.12.2025

f.h. Sjúlfbsjargar Akureyri og Félags sjúkrahjálfara og Iðuphjálafélags Íslands.

með fyrirvara um samþykki stjórnar.

[illegible]

Fylgiskjal 1

Starfaflokkun

Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til eðli starfsins, ábyrgðar og umfangs. Nánar um starfaflokkun sbr. 4.2 gr.

A: Starfsmaður stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Ekki er farið fram á full afköst af þjálfara. Starfsreynsla í faginu: 0-12 mánuðir.

B: Starfsmaður stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur, veitir fræðslu og tekur virkan þátt í þróun fags. Starfsmaður getur tekið þátt í klínískri kennslu nemenda. Starfsreynsla í faginu: 12-24 mánuðir.

C: Starfsmaður er mjög vel fær í starfi. Starfsmaður er leiðandi í ákvarðanatöku flókinnar endurhæfingar. Getur haft umsjón með klínískri kennslu nemenda. Tekur þátt í ýmsum störfum innahúss, sem annars flokkast sem störf yfirsjúkraþjálfara eða yfiriðjuþjálfara
Starfsreynsla í faginu: a.m.k. 24 mánuðir.

Bókanir

Bókun 1

Enginn sjúkraþjálfari eða iðjuþjálfari lækkar í launum við gildistöku þessa stofnanasamnings.

Bókun 2

30 eininga ECTS nám sem samþykkt er af samráðsnefnd FS/SÍ skal veita 2,5% launauppbót.
60 eininga ECTS nám sem samþykkt er af samráðsnefnd FS/SÍ skal veita 5% launauppbót.
Sérfræðiviðurkenning sem samþykkt er af samráðsnefnd FS/SÍ skal veita 10% launauppbót.

Enda greiðir SÍ hærra gjald fyrir vinnu þeirra þjálfara samkvæmt núgildandi samningi við Sjálfsbjörg Akureyri. Ef greiðsla fyrir þessa menntun fellur niður í næsta samningi fellur þessi bókun úr gildi.

Bókun 3

Í 6. grein er vísað í 10. Grein í aðalkjarasamningi. Þar kemur fram að réttur til að fara á námskeið eða í nám skuli vera í samræmi við endurmenntunar-/starfsþróunaráætlunar viðkomandi stofnunar eða starfsmanns. Einnig kemur fram í 10. Grein að heimilt sé að veita skemmri eða lengri námsleyfi á skemmri eða lengri tíma. Í gerðardómi er einnig grein sem bætist við 10. Grein í aðalkjarasamningi. Þar er tekinn af allur vafa um að námsleyfi sé ávallt samkomulag milli stjórnenda og launþega með tilliti til stofnunarinnar og stöðu hennar. Það er því sameiginlegur skilningur samningaðila á 10. Grein að réttur launþega til að stunda endurmenntun sé háður samkomulagi við vinnuveitanda.

Bókun 4

Túlkun á 5. Grein. Starfsfólk í 100% starfi mætir að jafnaði til vinnu klukkan 8.00, Starfsmaður tekur 30 mínútna hádegismat á sínu forræði skv. ákvörðun meirihluta starfsmanna og stjórnenda stofnunar, þessi matartími lengir daglega viðveru. Vinnu starfsfólks líkur því klukkan 15.30. Þetta er sameiginlegur skilningur samningsaðila.

Akureyri 17.12.2025

f.h. Sjálfsbjargar Akureyri og Félags sjúkraþjálfara og Iðjuþjálfafélags Íslands.

með fyrirvara um samþykki stjórnar.

Undirritunarsíða

undirritun stofnanasamnings Bjarg
Gunnlaugur Már Briem

undirritun stofnanasamnings Bjarg
Þóra Leósdóttir

undirritun stofnanasamnings Bjarg
Hulda Björg Kristjánsdóttir

undirritun stofnanasamnings Bjarg
María Magnúsdóttir

undirritun stofnanasamnings Bjarg
Þórdís Úlfarsdóttir

undirritun stofnanasamnings Bjarg
Atli Friðbergsson

undirritun stofnanasamnings Bjarg
Jón Harðarson

undirritun stofnanasamnings Bjarg
Anna María Malmquist